

Þingeyjarskóli

Viðbragðsáætlun gegn einelti

Öll samskipti í Þingeyjarskóla eiga að einkennast af gagnkvæmri virðingu, trausti og kurteisi. Við leggjum áherslu á að samskiptin séu jákvæð og uppbyggileg. Við erum umburðarlynd og allir eiga rétt á að vera þeir sjálfir án þess þó að valda öðrum vanlíðan.

Það er mikilvægt að allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans, nemendur og foreldrar, standi saman og vinni gegn einelti og andfélagslegri hegðun.

Ef grunur um einelti kemur upp geta nemendur og foreldrar haft samband við hvaða starfsmann skólans sem kemur tilkynningunni áfram til bæði skólastjóra og umsjónarkennara.


Hvað er einelti?

Þegar einstaklingur verður endurtekið fyrir neikvæðu eða illgirnislegu atferli á afmörkuðu tímabili frá einum eða fleiri aðilum. Birtingarmyndir eineltis geta verið líkamlegar, andlegar eða félagsleg einangrun (Olweus, 2005).

Mikilvægt er að hafa í huga að þegar um einelti er að ræða þá er ójafnvægi afls og valda í samskiptum (Olweus, 2005).

Fyrirbyggjandi aðgerðir

- Nemendur og foreldrar eru upplýstir um hvað einelti er og hvert þeir eigi að snúa sér ef þeir halda að þeir verði vitni af einelti af einhverju tagi í skólanum. Nemendur og foreldrar fá kynningu á þeim verkferli sem fer af stað komi upp grunur um einelti.
- Í lífsleiknitímum er m.a. fjallað um samskipti, líðan og þar með einelti.
- Á starfsmannafundum er reglulega rætt um einelti og starfsmenn minntir á mikilvægi þess að þeir tilkynni hafi þeir grun um að einelti eigi sér stað.
- Könnun um líðan er lögð fyrir nemendur árlega.



Komi upp grunur um einelti – útskýringar á verkferli

Starfsmaður skólans tekur við tilkynningum um grun um einelti frá nemanda eða foreldri.

1. Starfsmaður skrái tilkynninguna og skilar henni til skólastjóra/teymisstjóra og umsjónarkennara sem fara yfir tilkynninguna. Sjá *tilkynningarblað* ¹.
2. Rannsóknarvinna
 - a. Skólastjóri tryggir að rannsóknarvinna fari af stað og tilkynnir starfsfólki að tilkynning um grun um einelti hafi borist og hafin sé rannsóknarvinna.
 - b. Umsjónarkennari ræðir við meintan þolanda og spyr hvernig samskiptin eru í hópnum.
 - c. Umsjónarkennari ræðir við meintan geranda og spyr hvernig samskiptin eru í hópnum. Hér er **ekki** tekið svokallað gerendaviðtal, heldur er verið að gefa meintum geranda tækfæri til að tjá sig ef samskiptin ganga ekki sem skyldi og athuga hvort hann/hún átti sig á því að hann/hún geti bætt hegðun sína (þurfi viðkomandi að gera það).
 - d. Umsjónarkennari ræðir við 2-3 úr nemendahópnum og spyr hvort þeir hafi orðið varir við andfélagslega hegðun í hópnum*.
 - e. Umsjónarkennari og allir aðrir starfsmenn skólans verða meira vakandi yfir samskiptum meints þolanda og meints geranda. Stöðva andfélagslega hegðun meints geranda og skrá niður hjá sér hver-jir /hvenær/ hvar/hvað**.
 - f. Umsjónarkennari leitar upplýsinga hjá öðru starfsfólki um hvort það hafi orðið vart við andfélagslega hegðun meints geranda í garð meints þolanda.
3. Kennarar vinna sérstaklega í því að styrkja hópinn með hópefli/samskiptavinnu næstu daga.

*Ef foreldri/forráðamaður tilkynnti grun um einelti og rannsóknarvinnan **staðfestir að ekki er um einelti** að ræða, þarf að láta foreldra/forráðamenn vita hvað kom út úr rannsóknarvinnunni.*

*Hér ræðir umsjónarkennari við 2-3 nemendur sem kannast vel við meintan þolanda. Ekki rætt við alla saman, heldur í sitthvoru lagi og ekki fyrir framan aðra nemendur. Meintur þolandi er ekki nafngreindur í þessum samtölum.

Það er mjög mikilvægt að minna nemendur á að það er trúnaður, þannig að nöfnin þeirra koma ekki við sögu ef þeir segja frá einhverju.

Dæmi um spurningar sem kennari spyr:

- Hefur þú orðið var við að einhver í hópnum sé skilin útundan/er mikið skammaður af öðrum í hópnum /komið illa fram við/ o.s.frv.? Biðja um nöfn.
- Hefur þú orðið var við að einhverjum líði illa í hópnum. Biðja um nöfn ○ Ef já, af hverju heldurðu að viðkomandi líði illa.
- Myndir þú þora að segja mér frá ef þú vissir að einhver í hópnum væri með framkomu við aðra í hópnum sem væri athugaverð?

****** Hér er mikilvægt að grípa alltaf inn í og stöðva andfélagslega hegðun. Því næst er hægt að skrá hjá sér stund og stað, aðila og staðreyndir (ekki huglægt mat). Þessum upplýsingum er komið til skólastjóra/námsráðgjafa eða umsjónarkennara. Sjá *skráningarblað*²

Ef rannsóknarvinnan staðfestir grun um einelti þá fer eftirfarandi ferli í gang:

1. Skólastjóri/teymisstjóri hefur samband við foreldra/forráðamenn þolanda og geranda.
2. Skólastjóri/teymisstjóri og umsjónarkennari taka einstaklingsviðtal við þolanda þar sem hann/hún fær stuðning og látin/n vita að fylgst verði með þróun mála.
3. Skólastjóri/teymisstjóri og umsjónarkennari taka gerandaviðtal við geranda/gerendur (sjá viðauka með leiðbeiningum um *gerandaviðtal*³). Þar er gerð skilyrðislaus krafa um að hætta eineltinu annars verða neikvæðar afleiðingar.
4. Eftirfylgni með samskiptum þar sem umsjónarkennari tekur stöðuviðtöl við geranda/gerendur og þolanda.
5. Skólastjóri látinn vita um stöðu mála.
6. Foreldrar látnir vita af þróun mála.

Ef eineltið hættir ekki þá verður gripið í neikvæðar afleiðingar fyrir geranda/gerendur (sjá nánar í viðauka um leiðbeiningum um gerandaviðtal³).

Haldið er utan um alla vinnu með því að skrá niður öll skref sem tekin eru frá því að tilkynning um grun um elti kemur inn á borð til skólans. Sjá skjal: Þingeyjarskóli. Viðbrögð og vinnuferli starfsfólks Þingeyjarskóla við samskiptavanda og einelti. Hvernig skal halda utan um skráningu á tilkynningum og vinnuferli um grun um einelti.